

Gagnastefna

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Í starfsemi FSRE verða til og eru varðveitt gögn sem styðja við rekstur stofnunarinnar. FSRE ber ábyrgð á þessum gögnum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir

Umfang

Stefnan nær til allra gagna sem tengjast rekstri stofnunarinnar óháð miðlum. Hún nær til þeirra sem starfa hjá FSRE eða eru stofnuninni samningsbundnir.

Markmið

Meðferð gagna skal lúta skilgreindum verklagsreglum allt frá móttöku, myndun, flokkun og skráningu til endanlegrar varðveislu eða eyðingar. Þessar áherslur skulu endurspeglast í öllum kerfum FSRE og vinnulagi starfsmanna.

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

- Gagnavistunaráætlun og málalykill styrki samræmda skráningu og stuðli að virkri og samþykktri grísjunaráætlun.
- Verklagsreglur og vinnulýsingar séu samræmdar.
- Markviss kynning á skjalastjórn og lögum og reglum.
- Gagnakerfi FSRE séu sniðin að þörfum stofnunarinnar og gagna sem verða til í starfseminni.
- Aðgangsstýringar fari eftir ábyrgð og hlutverki starfsfólks.

Ábyrgð

Í samningagerð við þriðja aðila mun FSRE fara fram á að öryggi gagna sé ávallt tryggt m.a. skv. stöðlum um upplýsingaöryggi og bestu mögulegu starfsvenjum hverju sinni.

FORSTJÓRI

Ber ábyrgð á að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir. Forstjóri tryggir skjala- og upplýsingastjóra stuðning við framkvæmd gagnastefnu FSRE.

SKJALA- OG UPPLÝSINGASTJÓRI

Hefur faglega umsjón með skjala- og upplýsingastjórnun í umboði forstjóra og framfylgir gagnastefnu með stuðningi hans og næstráðandi yfirmanns. Skjalastjóri ber ábyrgð á innleiðingu gagnastjórnunar og er til ráðgjafar.

FRAMKVÆMDASTJÓRAR OG DEILDASTJÓRAR

Tryggja að myndun og varðveisla gagna sé órjúfanlegur hluti af starfsemi sviða innan FSRE og í samræmi við samþykktar verklagsreglur.

SÉRFRÆÐINGAR STAFRÆNNA INNVIÐA

Tryggja rekstur gagnakerfa FSRE í samvinnu við upplýsinga- og skjalastjóra þ.m.t. uppsetningu notenda- og aðgangshópa.

STARFSFÓLK

Allt starfsfólk ber ábyrgð á þeim gögnum sem þau mynda, móttaka og varðveita til sönnunar um starfsemina í samræmi við settar verklagsreglur.